



HOLLVINIR GRENSÁSDEILDAR

SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR STARFSÁRIÐ 2016

Hjálögð er skýrsla stjórnar samtakanna Hollvinir Grensásdeildar fyrir starfsárið
1. janúar til 31. desember 2016.

Reykjavík, 1. júní 2017

Ottó Schopka

Guðrún Pétursdóttir

Þórunn Þórhallsdóttir

Birgir Ingimarsson

Dagbjört Oddný Matthíasdóttir

Baldvin Jónsson

Bryndís Björk Kristjánsdóttir

AÐALFUNDUR 6. JÚNÍ 2017

SKÝRSLA STJÓRNAR

Samtökin Hollvinir Grensásdeildar voru stofnuð 5. apríl 2006. Tilgangur þeirra er að styðja við, efla og styrkja endurhæfingarstarfsemi þá, sem fram fer á Grensásdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss eða í tengslum við þá starfsemi. Skal það gert með öflun fjár til þeirrar starfsemi og eins með því að vekja athygli á og hvetja til styrktar starfseminni á opinberum vettvangi.

Aðalfundir hafa verið haldnir árlega, seinast 3. júní 2016. Stjórnin, sem þá var kosin, skipti þannig með sér verkum: Formaður Ottó Schopka; varaformaður Guðrún Pétursdóttir; ritari Dagbjört Oddný Matthíasdóttir; gjaldkeri Þórunn Þórhallsdóttir; og meðstjórnandi Birgir Ingimarsson. Varamenn: Bryndís Björk Kristjánsdóttir og Baldvin Jónsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosin Þór Jakobsson og Jóhanna Jóhannesdóttir. Edda Heiðrún Backman, heiðursfélagi HG, var sérlegur ráðgjafi samtakanna, einkum í málum er snerta fjáröflun og kynningu. Stjórnin hefur notið náinnar samvinnu við Stefán Yngvason, yfirlækni, og annað starfsfólk á Grensásdeild.

Helstu atburðir

Aðalverkefni félagsins á starfsárinu var að vinna að umbótum í húsnæðismálum Grensásdeildar en eins og fram kom á síðasta aðalfundi hefur stjórn félagsins áhuga á að nýta hluta af fjármagni þess til að endurhanna lóð Grensásdeildar þannig að hún nýtist skjólstæðingum deildarinnar til útivistar og til þjálfunar. Ennfremur að hrint verði í framkvæmd stækkun á húsnæði deildarinnar og nauðsynlegar breytingar gerðar á innra skipulagi húsnæðisins.

Í ársbyrjun 2016 urðu þáttaskil í baráttu Hollvina Grensásdeildar fyrir umbótum á deildinni, þegar yfirstjórn LSH ákvað að leggjast á árarar af miklum myndarskap .

Í desember 2015 boðaði Páll Mathíasson forstjóri LSH stjórn HG og stjórnendur deildarinnar á fund ásamt lykilfólki úr stjórnsýslu spítalans. Ræddar voru hugmyndir HG um þær umbætur sem gera þarf bæði innanhúss og utan á Grensásdeild. Hugmyndunum var vel tekið og ákveðið að láta ekki þar við sitja heldur stefna að framkvæmdum sem fyrst undir styrkri stjórn Guðlaugar Rakelar Guðjónsdóttur framkvæmdastjóra flæðisviðs LSH.

Boðið var til samráðsfundar um framtíð Grensásdeildar í safnaðarheimili Neskirkju 18. og 19. febrúar 2016. Unnið var samkvæmt svokallaðri 3P aðferðafræði, sem mikið er beitt við úrlausn flókinna viðfangsefna. Gunnhildur Peiser hjúkrunarfræðingur leiddi vinnuna, en hún hefur sérhæft sig í stjórnun 3P vinnustofa. Í hópnum voru um 25 manns, núverandi og fyrrverandi skjólstæðingar Grensásdeildar, aðstandendur, fulltrúar flestra starfsstétta deildarinnar, ásamt fulltrúum fasteignasviðs Landspítala og stjórn HG.

Óhætt er að segja að vinnan var bæði frjó og skemmtileg og hópurinn mótaði snjallar tillögur um brýnar úrbætur. Þar bar hæst lausnir til að lengja "þjálfunartímann" þannig að þjálfun verði í boði síðdegis, um kvöld og helgar; brýnt er að allir skjólstæðingar fái einkaherbergi með baði; húsnæði fyrir sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun, talþjálfun og sálgæslu verði stórbætt, meðal annars með góðum íþróttasal, æfingaeildhúsum (sem skjólstæðingar og gestir þeirra geti líka notað á kvöldin og um helgar) og fjölnotaherbergjum fyrir tómstundaiðju; öll nýting hússins þarf að stuðla að því að nýta sem best hið frábæra útsýni sem er á efri hæðum Grensásdeildar.

Allir voru sammála um nauðsyn þess að umbylta matarmálum Grensásdeildar. Langlegusjúklingar þurfa öðrum fremur að fá fjölbreyttan, lystugan og ferskan mat, sem matreiddur er á staðnum. Öll umgjörð máltíða þarf að vera falleg, frá borðbúnaði og framsetningu matarins til sjálfs borðsalarins. Lagt er til að megin matsalur deildarinnar verði á jarðhæð með glerskála og möguleika á að opna hann út í garð.

Frábærar hugmyndir komu fram um hvernig stórbæta má garðinn og gera hann aðgengilegan til æfinga og hvíldar árið um kring með góðri nýtingu á skjólsvæðum og fallegum garðskálum, sem skjólstæðingar og gestir geti notið.

Tillögur hópsins lutu allar að því að auka virðingu fyrir hverjum einstaklingi og óskum hans, bæta nýtingu á tíma og auka skilvirkni þjálfunar, gera umhverfið aðlaðandi og draga úr stofnanastemningu, og auka tengsl við aðstandendur og aðra gesti deildarinnar.

Eftir þennan velheppnaða fund fór málið í frekari vinnslu hjá framkvæmdasviði LHS. Var farið í að fínþússa aðgerðaáætlun og er gert ráð fyrir að byrjað verði á viðbyggingu við suðvestur-enda núverandi húss, sem mun hýsa iðjuþjálfun en við flutning hennar skapast möguleikar á að umbreyta skipulagi innanhúss, fækka tvíbýlum, færa eldhús o.fl. Með opnun viðbyggingarinnar út á lóðina verður síðan hægt að nýta lóðina fyrir skjólstæðinga deildarinnar til útivistar og þjálfunar, en það er mikið áhugamál HG. Þessar hugmyndir voru kynntar HG sl. sumar og hafa síðan verið í vinnslu hjá arkitektastofunni THG.

10 ára afmælisrit Hollvina Grensásdeildar

Félagið fagnaði 10 ára afmæli vorið 2016 og af því tilefni var ákveðið að gefa út blað. Formaður félagsins vann að undirbúningi þess og var Anna Kristine Magnúsdóttir, félagi HG og sjálfstætt starfandi blaðamaður, sem notið hafði þjónustu Grensásdeildar, fengin til að taka að sér ritstjórn blaðsins. Blaðið kom út í byrjun maí-mánaðar í 3.000 eintökum. Meðal efnis í blaðinu var ágríp af sögu félagsins, greinar eftir lækna á Grensásdeild og viðtöl við skjólstæðinga deildarinnar. Fjár til að standa undir útgáfukostnaði var aflað með sölu auglýsinga og styrktarlína í formi afmælikveðja og varð nokkur hagnaður af útgáfunni. Blaðinu var dreift til félaga í HG og til félaga sjúkráþjálfara, iðjuþjálfara, SEM og á biðstofur í LSH, heilsugæslustöðvum og læknastrum, tannlæknastofum og víðar. Ennfremur var það sent til alþingismanna, ráðuneyta og lykilstarfsfólks í heilbrigðisráðuneyti sem og til fjölmiðla. Því má með sanni segja að hér hafi verið gert mikið átak til að kynna Grensásdeild og starf hennar.

Nýtt merki Hollvina Grensásdeildar.

Í tilefni af 10 ára afmæli félagsins veitti Edda Heiðrún Backman Hollvinum Grensás leyfi til að nota eina af sínum frábæru kríu-myndum sem fyrirmynd að nýju lógói Hollvina Grensásdeildar. Myndin heitir „Verndarvængur“ og sýnir kríu sem vakir yfir ungum sínum og er því táknræn fyrir starf Grensásdeildar. Vilhjálmur G. Vilhjálmsson grafískur hönnuður sá um að útfæra merkið og hefur það síðan verið notað í öllu kynningarstarfi á vegum HG.

Tækjagjafir

Árið 2016 gaf félagið Grensásdeild tæki og áhöld fyrir 797 þús. kr. Var annars vegar um að ræða göngugrind sérstaklega gerð fyrir ofurþunga einstaklinga og hins vegar borðbúnað o.fl í æfingaíbúðina. Snemma árs í fyrra gáfu tveir lionsklúbbar ásamt nokkrum einstaklingum sem notið höfðu þjónustu Grensásdeildar deildinni margvíslegan búnað, einkum sjúkrarúm, dýnur og hjólastóla að andvirði um 16 millj. kr. Með þessari stóru gjöf var komið til móts við þarfir deildarinnar af miklum stórhug og var því tímabundið minni eftirspurn eftir styrkjum frá HG til kaupa á tækjum og áhöldum. Skýrir það hve lágum upphæðum HG hefur varið til tækjakaupa fyrir Grensásdeild að undanfögnu. Nú liggur hins vegar fyrir ósk um kaup á alldýru ómskoðunartæki fyrir útlími, sem HG munu kaupa fyrir Grensásdeild.

Þá vildi stjórn HG votta starfsfólki Grensásdeildar sérstaklega þakklæti fyrir það frábæra starf sem það vinnur, oft undir afar erfiðum kringstæðum, og samþykkti að gefa Starfsmannafélagi Grensásdeildar 250.000 kr. og var sú greiðsla var innt af hendi í ársbyrjun 2016.

Fastar tekjulindir

Basar: Ein af föstum tekjulindum samtakanna er basar, sem haldinn hefur verið um árabíl, en var nú haldinn í annað sinn í Safnaðarheimili Neskirkju þ. 12. nóvember 2016. Basarinn skilaði að frádregnum kostnaði um 913 þús. kr., sem er heldur lægri upphæð en árið áður, þegar afraksturinn nam um 1.150 þús. kr. Margir urðu til að leggja HG liðveislu til að ná þessum árangri með því að gera og/eða leggja til fallega muni, fatnað, kökur og annað til sölu á basarnum og aðstoða við basarinn sjálfan. Í þeim hópi voru m.a. starfsfólk á Grensásdeild og félagar í bifhjólasamtökunum Sniglunum. Þessi hópur velunnara félagsins sem kemur að undirbúningi basarsins hefur farið stækkandi á undanfögnu árum og stendur félagið í þakkarskuld við allt það fólk sem leggur á sig ómælda vinnu til að árangurinn af basarnum verði sem mestur. Þá studdi Safnaðarheimili Neskirkju atburðinn með afslætti á leigu og Sjóvá tryggði sölumuni án iðgjalds.

Félagsgjöld: Innheimt félagsgjöld á árinu voru 676 þúsund krónur.

Minningarkort: Þýðingarmikil tekjulind HG er sala minningarkorta en hún nam 345 þús. kr. á árinu. Þar standa samtökin í mikilli þakklætisskuld við Önnu Laxdal Þórólfsdóttur, skrifstofustjóra á Grensásdeild, sem hefur tekið að sér í aukavinnu að sjá um móttöku og afgreiðslu beiðna um kort.

Styrkir:

Reykjavíkummaráþon: Maráþonhlaup Íslandsbanka skilaði Hollvinum Grensásdeildar góðum árangri eins og í fyrra. Meira en 120 hlauparar hlupu fyrir Hollvini Grensásdeildar að þessu sinni og hefur annar eins fjöldi aldrei hlaupið áður fyrir HG. Þeir söfnuðu samtals 2.2 milljónum króna sem skilaði um 2 milljónum króna til HG að frádregnum kostnaði við hlaupið. Í hópi hlauparanna voru m.a. Guðni Jóhannesson, nýkjörinn forseti Íslands, margir starfsmenn LSH og um 80 starfsmenn Vistors. Stjórn HG færir öllu þessu fólki sérstakar þakkir fyrir framlag þess.

Mótorhjólamessan: Undanfarin ár hefur séra Gunnar Sigurjónsson „kraftaklerkur“, sóknarprestur í Digraneskirkju, staðið fyrir Mótorhjólamessu á annan í hvítasunnu. Grillhúsið hefur styrkt Hollvini Grensásdeildar með sölu "Kraftaklerksins" - hamborgara sem nefndur er í höfuðið á séra Gunnari og boðið er upp á í tengslum við Mótorhjólamessuna. Bifhjólasamtök Lýðveldisins, Sniglarnir, hafa jafnframt styrkt Grensásdeild með sama framlagi og safnast á Grillhúsinu við sölu Kraftaklerksins. Að þessu sinni söfnuðust samtals um 450 þús. kr. með þessu átaki og þakka samtökin þessum tryggju velunnurum stuðninginn.

Söfnunarbaukur á afmælum: Birgir Ingimarsson, stjórnarmaður í HG, átti stórafmæli fyrir stuttu. Í stað afmælisgjafa bað hann veislugesti að styrkja HG, með því að setja framlög í söfnunarbauk, sem hann hafði látið gera. Samtals söfnuðust 200.000 kr. í baukinn í þessari fyrstu notkun hans. Birgir gaf HG söfnunarbaukinn til afnota fyrir áhugasama, sem vilja láta Grensásdeild njóta gjafmildi veislugesta sinna við ýmis tækifæri.

Smartmedia: Fyrirtækið, sem hannaði vefsíðu HG upphaflega endurgjaldslaust og sem hefur vistað hana síðan gegn árgjaldi, hefur ákveðið að fella gjaldið niður til frambúðar. Þessi rausn sparar samtökunum 60 þús. kr. á ári.

Aðrir gjafir: Ýmis framlög bárust félaginu á árinu og vildu gefendur oft ekki láta nafns síns getið. Alls námu þessar gjafir um 2,9 millj. kr. á árinu.

Sala geisladisks „Gæðablóðs“: Snemma á síðasta ári hófst sala á geisladisknum „Með sorg í hjarta“ í fjáröflunarskyni fyrir Hollvini Grensásdeildar eins og skýrt var frá í síðustu ársskýrslu. Sölnni lauk snemma á þessu ári og námu heildartekjur HG af sölu geisladisksins um 7 millj. kr. þar af 444 þús kr. á árinu 2016.

Slysa sjóður leikara: Þegar Edda Heiðrún stóð fyrir áttakinu „Á rás fyrir Grensás“ ákvað stjórn Slysa sjóðs leikara að láta sjóðinn í heild sinni renna til söfnunaráttaksins. Vegna misskilnings var fé sjóðsins þó ekki millifært til söfnunarinnar fyrr en á árinu 2016 og nam þá með áföllnum vöxtum um 6.8 millj. kr.

Fjárhagur

Þar sem engin starfsemi fer lengur fram undir merkjum áttaksins *Á rás fyrir Grensás* ákvað stjórn HG að sameina reikninga og uppgjör þar sem tilgangur áttaksins og Hollvina er

samhljóða og ráðstöfun fjárins háð sömu skilyrðum. Þetta er gert til að auðvelda uppgjör og frágang ársreikninga.

Innistæður á reikningum félagsins námu í árslok 2016 samtals 136,8 millj. kr.. Til að draga úr áhættu hefur ávöxtun söfnunarfjárins verið dreift milli Arion banka, Íslandsbanka og Sparisjóðs Suður-Þingeyinga. Um skammtíma ávöxtun er að ræða og mjög íhaldssamri stefnu fylgt þar sem megin áherslan er á ríkistryggð skuldabréf og víxla og bankareikninga með stuttan bindistíma til að eiga handbært fé til styrkja .

Í árslok 2016 námu skuldlausar eignir HG 136,2 m.kr. Stjórnin vill í sambandi við ársreikningana sérstaklega geta þeirrar velvildar Valdimars Guðnasonar að vera gjaldkera samtakanna til aðstoðar við gerð reikninganna endurgjaldslaust.

Félagatal og árgjald

Félagar í HG eru nú 420 og hefur fjöldi þeirra verið nær óbreyttur sl. tvö ár eftir að þeim fjölgaði verulega í sambandi við Bítlatónleikana vorið 2015. Á aðalfundi 2015 var árgjaldið hækkað í 2.000 krónur eftir að hafa verið óbreytt, 1.500 krónur, næstliðin 4 ár. Stjórnin leggur nú til að árgjaldið verði óbreytt, 2.000 krónur.

Vefsíða

Vefsíða HG, www.grensas.is, var uppfærð og endurbætt fyrir þremur árum með það að markmiði að gera hana að enn meira lifandi gagni. Hefur það tekist ágætlega og fá allir félagar sem hafa netfang sérstaka tilkynningu í tölvupósti í hvert sinn sem nýtt efni birtist á vefsíðunni. Þar sem rúmlega fjórðungur félagsmanna hefur ekki netfang er prentað sérstakt fréttabréf og sent í pósti til allra félagsmanna með greiðsluseðli vegna árgjaldsins. Eru félagsmenn þar upplýstir um störf félagsins sl. starfsár.

HG á Facebook

Mikil virkni var á fésbókar-síðu félagsins á árinu en ný síða var opnuð árið 2014. M.a. var útbúið myndband þar sem starf félagsins var kynnt og fékk það mjög mikið áhorf og dreifingu. Mestu áhorfi náði þó áramótakveðja frá félaginu en u.þ.b. 21 þús. skoðuðu kveðjuna. Fésbókin nýttist vel til kynningar á starfi félagsins, sérstaklega Reykjavíkurmaraþoninu og basar félagsins.

Starfsáætlun komandi árs

Lög samtakanna mæla svo fyrir að aðalfundur samþykki starfsáætlun komandi árs. Stjórnin leggur til að HG leggi megináherslu á hvers kyns stuðning við aðgerðir sem lúta að hinum brýnu endurbótum á húsnæði Grensásdeildar. Þá verði aðstoð veitt til kaupa á tækjum og búnaði, sem deildina vanhagar um. Unnið verði áfram að fjáröflun á vegum HG, einkum eflingu basarsins, og nýrra fjáröflunarleiða leitað.

Lokaorð

Stjórnin þakkar af alhug öllum þeim, sem stutt hafa starf HG á árinu en þessi stuðningur er samtökunum ómetananleg hvatning. Þá vill stjórnin sérstaklega votta starfsfólki Grensásdeildar virðingu sína og aðdáun fyrir hið frábæra starf sem það hefur unnið, oft undir afar erfiðum kringstæðum einkum hin seinustu ár. Án þessara fágætu einstaklinga væri Grensásdeild ekkert.